**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ/135/1646
*komudagur* 3.3.2008

Dagsetning 29. febrúar 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um tekjuskatt 325. mál, breyting ýmissa laga.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við þær lagabreytingar sem lagt er til að gera. Stofnunin vill hins vegar benda á að á öðrum Norðurlöndum, svo sem í Noregi og Svíþjóð er álagning og önnur skattaumsýsla með tekjur og eignir lögaðila umfram tiltekin stærðarmörk ekki bundin við höfuðborgir. Þannig fer slík umsýsla fram á fjórum stöðum í Svíþjóð og í Noregi fer hún fram utan Oslóar.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði*
*Byggðastofnunar.*

Heimilisfang Ártorg 1 Sími 455 5400 Bréfsími 455 5499 Netfang byggdastofnun@byggdastofnun.is Heimasíða http://www.byggdastofnun.is
550 Sauðárkrókur